

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

1. gr.

Á eftir orðunum „starfsmanna sinna“ í 1. másl. 9. mgr. 3. gr. kemur: , sem og eigin iðgjald þeirra sem standa fyrir rekstri eða sjálfstæðri starfsemi,.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglugerðarinnar:

- a. Orðin „,sbr. og 9. gr. reglugerðarinnar“ í 1. másl. 2. mgr. falla brott.
- b. Orðin „og 9. gr. reglugerðarinnar“ í 2. másl. 2. mgr. falla brott.
- c. 3. mgr. fellur brott.

3. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Fyrningarlutföll mannvirkja fara eftir 38. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

4. gr.

Í stað orðsins „Viðskiptavild“ í c. lið 11. gr. kemur: Aflahlutdeild í sjávarútvegi.

5. gr.

Í stað orðsins „fyrir“ í 1. mgr. 15. gr. kemur: yfir.

6. gr.

Í stað orðsins „fimm“ í 1. másl. 19. gr. kemur: átta.

7. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 19. júní 2001.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Ragnheiður Snorradóttir.*